



Sviðsstjórar

Íslenskukennsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar

Á fundi fjölmeningarráðs þann 13. september 2021, fór fram kynning mannauðs- og starfsumhverfissviðs á íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, sbr. 6. lið fundargerðar fjölmeningarráðs s.d.

Fjölmeningarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð þakkar fyrir góða kynningu á fyrirkomulagi og stöðu íslenskukennslunnar fyrir starfsfólk með annað móðurmál. Íslenskukennsla til starfsfólks, og það helst á vinnutíma, er samþykkt stefnumótun borgarinnar sbr. mannréttindastefnu. gr. 9.2.3 „Fólki af erlendum uppruna er gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi og fær fræðslu um starfsáætlun og þjónustumarkmið vinnustaðarins. Tryggja skal að starfsfólk viti af þessu námstilboði.“ Útskýrður launamunur á grundvelli ríkisfangs er 17% og óútskýrður launamunur er 3% og þar skiptir miklu máli að starfsfólk fái tækifæri að bæta starfstengdu íslenskukunnáttu sína. Ráðið mun í framhaldi af kynningunni senda fyrirspurnir til allra sviða borgarinnar til að afla upplýsingar um fyrirkomulag og stöðu í þessum málaflokki.

Óskað er svara frá sviðum borgarinnar við eftirfarandi spurningum um fyrirkomulag og stöðu íslenskukennslu fyrir starfsfólk:

- Fær starfsfólk upplýsingar um íslenskunám sem er í boði fyrir það skv. stefnumótun?
- Fær starfsfólk tækifæri að sækja íslenskunám á vinnutíma?
- Er íslenskunám starfstengt og leiðir það til starfs- og launaþróunar?

Með kveðju

Achola Otieno

Samrit:

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Íþrótt- og tómstundasvið

Menningar- og ferðamálasvið

Skóla- og frístundasvið

Umhverfis- og skipulagssvið

Velferðarsvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið